

## Línur og náttúruform



Náttúruform, línur og skuggar eru kveikjur vatnslitamynda Höddu Fjólu Reykdal í Listhúsi Ófeigs.

HADDA Fjóla Reykdal sýnir um þessar mundir vatnslitaverk í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5. Um er að ræða 23 verk sem öll eru unnin á þessu ári.

HADDA Fjóla Reykdal sýnir um þessar mundir vatnslitaverk í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5. Um er að ræða 23 verk sem öll eru unnin á þessu ári.

Hadda Fjóla útskrifaðist úr grafíkdeild Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1998 og heldur nú sína fyrstu einkasýningu. Hún segir kveikjuna að verkunum að finna í náttúrunni og náttúruformum, sem vakið hafi hughrif með henni. "Ég vinn með náttúruna á afstæðan hátt, og kanna fyrst og fremst hin breytilegu form innan hennar, eins og sprungur, skugga og samröðun steina. Það er í raun línan í sínum ólíkustu myndum sem heillar mig."

Hadda segist fyrst og fremst hafa unnið grafíkverk frá því að hún lauk námi, en snúið sér í auknum mæli að vatnslitum að undanfögnu. "Ég hef unnið í grafík og vatnslit jöfnum höndum frá því að ég útskrifaðist og mikið blandað saman þessum tveimur aðferðum. Mér finnst vatnslitirnir henta mjög vel fyrir það sem ég er að fást við núna, en það má kannski líta á verkin sem sjálfstætt framhald af fyrri hugðarefnum mínum í grafíkinni. Þessi áhugi á einföldum náttúruformum kviknaði fyrst þegar ég kom til Japan fyrir nokkrum árum og skynjaði línuspilið í náttúrunni þar. Þetta varð síðar eitt af mínum helstu hugðarefnum í myndlistinni og er ég að vinna með það hér í þessum verkum í öðru efni og samhengi. Litirnir og samspil þeirra er einnig mjög þýðingarmikið og horfi ég þar ekki síst til margbreytileikans í íslenskri náttúru. Ég hugsa í raun mikið um liti og sé í raun litasamsetningar hvert sem ég fer," segir Hadda.

Sýning hennar í Listhúsi Ófeigsstendur til 15. maí næstkomandi, og er sýningartími frá kl. 10 til 18 virka daga og frá 11 til 16 á laugardögum.